



Meginstefna og starfsáherslur ÍTR 2005 – 2010





Meginstefna og starfsáherslur ÍTR 2005 – 2010

Efnisyfirlit

Inngangur	4	5.	Æskulýðs- og tómstundamál	9	9.1	Samstarf við íþróttahreyfinguna í Reykjavík	14
		5.1	Æskulýðsmál ÍTR	9	9.1.1	Samstarf ÍTR og ÍBR	14
I. hluti – Meginstefna og formlegur grundvöllur ÍTR	4	5.2	Fristundamiðstöðvar	9	9.1.2	Samstarf ÍTR og íþróttafélaganna í Reykjavík	14
1.	4	5.2.1	Félags – og tómstundastarf fyrir unglinga 13 ára og eldri	10	9.2	Samstarf við æskulýðsfélög í Reykjavík	15
1.1.	4						
1.2	5	5.2.2	Félags – og tómstundastarf fyrir 6-12 ára börn	10			
1.3	5	5.2.3	Fristundaheimili í skólum	10			
2.	5	5.3	Starfsemi fyrir börn og ungmenni með fötlun	11			
		5.4	Fagleg ráðgjöf og samstarf	11			
II. hluti – Verkefni ÍTR, meginmarkmið og leiðir	6	6.	Starfsemi fyrir ungmenni	11			
3.	6	6.1	Hitt Húsið	11			
3.1	6	6.2	Vinnumiðlun ungs fólks (VUF)	12			
3.2	6	7.	Samstarf í hverfum	12			
4.	7	7.1	Samstarf við félög, samtök og stofnanir	12			
4.1	7	7.2	Samstarf milli starfsstaða ÍTR	13			
4.1.1	7	7.3	Samstarf við þjónustumiðstöðvar – hverfaþjónusta	13			
4.1.2	7	8.	Málefni innflytjenda	13			
4.2	7						
4.3	8	III. hluti – Samstarf við félög og samtök, meginmarkmið og leiðir	14				
4.4	8						
4.5	8	9.	Samstarf við félög og samtök á sviði íþróttar- og æskulýðsmála	14			

Inngangur

Stefnumótun Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkur, skammstafað ÍTR, og fagráðsins Íþrótt- og tómstundaráðs, felur í sér skilgreiningu á hlutverki sviðsins og á hvað beri að leggja áherslu til að ÍTR sinni sem best hlutverki sínu. Að baki stefnumótuninni liggur ferli þar sem starfsmenn ÍTR, fagráðið Íþrótt- og tómstundaráð og fulltrúar félaga og samtaka á sviði íþrótt- og æskulýðsmála hafa skipst á skoðunum um starf og hlutverk ráðsins og sviðsins. Vandamál hafa verið rædd og lausna leitað til að komast að niðurstöðu um hvað eigi að hljóta sess í stefnumótuninni. Stefnumótun ÍTR grundvallast á niðurstöðum úr hópavinnu. Hóparnir voru skipaðir reyndum starfsmönnum sviðsins. Niðurstöður þessara hópa eru bakgrunnsgögn sem gefa ítarlegri upplýsingar.

Starfsáætlanir ÍTR og áætlanir starfsstaða ÍTR verða unnar á grundvelli stefnumótunarinnar. Í starfsáætlunum eru sett fram árangurstengd starfsmarkmið sem fela í sér hverju beri að ná fram við framkvæmd þeirrar stefnu sem hér er sett fram. Stjórnendur ÍTR og forstöðumenn starfsstaða gegna mikilvægu hlutverki við að framkvæma stefnu ÍTR. Árangursrík framkvæmd stefnu veltur þó á því að starfsmenn séu samtaka um það.

Stefna ÍTR er aldrei endanleg því að hún mótask af þörfum borgarbúa sem eru síbreytilegar í takt við breytt samfélag. Stefnumótun ÍTR skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta hluta er greint frá hlutverki, gildum, framtíðarsýn og formlegum grundvelli. Í öðrum hluta er fjallað um verkefni sviðsins. Þar er greint frá hvaða meginmarkmiðum skuli stefna að og hvaða leiðir séu mögulegar til að ná fram meginmarkmiðum. Í þriðja hluta er fjallað um samstarf við félög á sviði íþrótt- og æskulýðsmála. Í fjórða hluta er fjallað um miðlæga þjónustu sviðsins.

Þess ber að geta að starfsemi ÍTR er fjölþætt og fjölbreytt og er ekki fjallað sérstaklega um starfsþætti sem eru nokkuð sér á parti. Má þar nefna Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, hátíðarhöldin 17. júní, sumargrín og smíðavelli.

I. hluti – Meginstefna og formlegur grundvöllur ÍTR

1. Hlutverk, gildi og framtíðarsýn

Hlutverk, gildi og framtíðarsýn ÍTR eru lýsandi fyrir meginstefnu sviðsins. Skilgreining á hlutverki ÍTR felur í sér tilgang starfseminnar og þau meginverkefni sem ÍTR sinnir. Framtíðarsýn lýsir stöðu, mynd og árangri sem ÍTR vinnur markvisst að. Kjarninn í inntaki starfsins sem ÍTR sinnir er dreginn fram í gildum ÍTR.

1.1. Hlutverk ÍTR

ÍTR sinnir frítímapjónustu þar sem velferð og lífsgæði almennings eru í fyrirrúmi.

Einkunnarorðin "heilbrigð sál í hraustum líkama" og hin fleygu orð úr Hávamálum „maður er manns gaman“ lýsa nokkuð vel þeim grunni sem ÍTR byggir tilvist sína á. Öllu fólki er nauðsynlegt að stunda hreyfingu af einhverju tagi og víst er að fólk hefur ekki einungis skemmtan af samskiptum sín á milli heldur einnig þörf fyrir samneyti við aðra. Þannig er ÍTR ætlað að mæta mikilvægum grunnþörfum sem lúta að hreyfingu og félagslegri þátttöku. Breytt samfélag með nýjum þörfum hefur leitt til þess að ÍTR hefur sífellt tekist á við ný verkefni. Nefna má áhrifapætti eins og aukinn frítíma fólks, aukna atvinnuþátttöku, lengra skólaár og breyttar aðstæður unglunga. Þessir þættir hafa haft áhrif á aukna þörf fólks fyrir þjónustu sem ÍTR hefur veitt.

Vettvangur ÍTR er frítíminn. Í frítímanum á að vera gaman en frítíminn er einnig kjörinn til að fást við þroskandi og krefjandi verkefni. ÍTR vill því að frítímapjónustan stuðli að félagslegri velferð og sé farvegur menntunar, menningar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku.

Frítímapjónusta ÍTR er ætluð borgarbúum á öllum aldri. Eftirtaldir starfsþættir heyra undir ÍTR: Sundlaugar, frístundamiðstöðvar sem hafa umsjón með félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum, sumarnámskeið fyrir börn sem rekin eru af frístundamiðstöðvum og í Nauthólsvík, tómstundastarf í grunnskólum, íþróttahús og íþróttamiðstöðvar, sparkvöllir, skíðabrekkur og skautasvellir í hverfum, Hitt Húsið, námskeið fyrir fatlaða, sérsveitin fyrir fatlaða, sumargrín



og smíðavelli, Ylströndin og Siglingaklúbburinn í Nauthólsvík, brettaagarðar, þúttvelli, Laugardalshöll, verkefnið Heilsuborgin Reykjavík (Reykjavík Spa City), Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, þjónustumiðstöð ÍTR, hátíðarhöldin 17. júní og að auki ýmis sér verkefni.

Til að sinna hlutverki sínu þarf ÍTR m.a. að eiga gott samstarf við félagsamtök í borginni og úthluta styrkjum til starfsemi og uppbyggingar æskulýðs- og íþróttastarfs í Reykjavík.



1.2 Gildi ÍTR

Heilbrigði, skemmtun, félagsleg þátttaka, uppeldi, forvarnir, samstarf og fagmennska eru þau gildi sem ÍTR hefur að leiðarljósi.

Heilbrigði

- ÍTR býður upp á fjölbreytta frítímapjónustu sem stuðlar að heilbrigði og hamingju einstaklinga á öllum aldri.

Skemmtun

- ÍTR leggur áherslu á að sérhver einstaklingur geti nýtt frítímapjónustuna sér til ánægju og gleði.

Félagsleg þátttaka

- ÍTR styrkir félagsauð með því að hvetja borgarbúa til virkrar þátttöku, samstarfs og samheldni í hverfum borgarinnar.

Uppeldi

- ÍTR gegnir mikilvægu uppeldishlutverki gagnvart börnum og unglingum.

Forvarnir

- ÍTR sinnir mikilvægu forvarnarstarfi því að heilbrigður lífsstíll endurspeglar í allri starfsemi ÍTR.

Jafnrétti

- ÍTR leitast við að tryggja jafnræði og jafnrétti í allri sinni starfsemi og stuðlar að því að íþrótt- og æskulýðsfélög vinni út frá sömu gildum.

Samstarf

- ÍTR leitar eftir samstarfi við íþrótt- og æskulýðsfélög, önnur félög, samtök, stofnanir og fyrirtæki í því skyni að efla frítímapjónustu fyrir borgarbúa.

Fagmennska

- ÍTR leggur áherslu á faglega og lipra þjónustu. Grundvöllur þess er vel þjálfað starfsfólk og starfsánægja.

1.3 Framtíðarsýn ÍTR

ÍTR er þekkt og virt fyrir framsækna og árangursmiðaða þjónustu. Starfsemin nýtur stuðnings og virðingar hlutaðeigandi aðila.

ÍTR

- er vakandi fyrir væntingum og þörfum borgarbúa
- aðlagar þjónustuna að síbreytilegum þörfum samfélagsins
- mætir ólíkum þörfum einstaklinga þannig að jafnrétti öllum til handa sé samþætt við þá þjónustu sem sviðið veitir
- veitir skilvirka þjónustu
- leitar eftir samstarfi við stofnanir, félög, einstaklinga og fyrirtæki
- stuðlar að jafnræði við úthlutun styrkja til félaga og samtaka
- hefur aðgengilegar upplýsingar um þjónustu sviðsins og félaga og samtaka sem starfa á sviði æskulýðs- og tómstundamála
- leggur áherslu á að starfsemin sé sýnileg þannig að sem flestir viti af þeirri þjónustu sem sviðið veitir
- tryggir hagkvæmni í rekstri og góða stýringu fjármuna
- notar gæða- og árangursmat á markvissan hátt

2. Formlegur grundvöllur ÍTR

Fagráðið Íþrótt- og tómstundaráð sem fer með yfirstjórn ÍTR er skipuð sjö pólitískt kjörnum fulltrúum og starfar á grundvelli samþykktar borgarstjórnar frá apríl 2005. Þjónusta ÍTR er ekki lögbundin en fjölmargt í starfseminni er háð laga- og reglugerðasetningu. ÍTR, líkt og aðrar stofnanir sveitarfélaga, starfar eftir Stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og Upplýsingalögum nr. 50/1996.

Hlutverk og þjónusta ÍTR grundvallast á samþykkt borgarstjórnar. Í samþykktinni kemur fram að ÍTR er m.a. ætlað að fara með eftirtalin verkefni á sviði íþrótt- og tómstundamála.

ÍTR:

1. Vinnur að eflingu íþrótt- og tómstundastarfs og hollrar tómstundaíðju almennings í Reykjavík og hefur samvinnu við þá aðila sem um slík mál fjalla.
2. Hefur eftirlit með rekstri íþrótt- og æskulýðsmannvirkja sem eru í eigu Reykjavíkurborgar eða Reykjavíkurborg hefur veitt styrk til, sem og rekstri sundstaða, félags- og frístundamiðstöðva og frístundaheimila, og þeim mannvirkjum öðrum sem Reykjavíkurborg hefur veitt styrki til vegna framkvæmda eða reksturs á sviði íþrótt- og tómstundamála.
3. Gerir tillögur til borgarráðs að gerð og staðsetningu nýrra íþrótt- og æskulýðsmannvirkja, frístunda- og félagsmiðstöðva og frístundaheimila, ásamt tillögum um rekstur þeirra eftir því sem við á.
4. Vinnur að nýsköpunar- og þróunarstarfi á sviði íþrótt- og tómstundamála svo sem heilsuborgarverkefni og sér til þess að til séu sem gleggstar upplýsingar um íþrótt- og tómstundamál og þá þjónustu sem í boði er.
5. Er Framkvæmdaráði Reykjavíkurborgar til samráðs um forgangsöröðun framkvæmda á sviði íþrótt- og æskulýðsmála.
6. Annast umsjón með þjóðhátíð í Reykjavík 17. júní.
7. Vinnur að upplýsinga-, menningar- og tómstundastarfi fyrir 16-25 ára m.a. með rekstri Hins Hússins.
8. Vinnur að atvinnumálum ungs fólks í Reykjavík.
9. Hefur eftirlit með framkvæmd laga sem og reglugerða á sviði íþrótt- og tómstundamála, að því marki sem lögin leggja skyldur á herðar sveitarfélaga.
10. Fylgist með því að starfsstaðir á vegum Íþrótt- og tómstundasviðs fari að settum reglum, veiti góða þjónustu og starfsemi þeirra sé skilvirk og hagkvæm.

Borgarráð úthlutar fjárhagsramma til íþrótt- og tómstundaráðs vegna fjárhagsáætlunar hvers árs og setur fram megináherslur borgaryfirvalda í stefnukorti. Íþrótt- og tómstundaráð felur framkvæmdastjóra ÍTR að gera starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsöröðun ráðsins. Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Formaður ráðsins og framkvæmdastjóri ÍTR kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

II. hluti – Verkefni ÍTR, meginmarkmið og leiðir

3. Íþróttamál

Leiðarljós: ÍTR stuðli að heilbrigði almennings með því að skapa einstaklingum á öllum aldri sem best aðgengi að fjölbreyttri íþróttaiðkun, alhliða líkamsrækt, skemmtun, afþreyingu og slökun. Þátttaka í íþróttum veitir einstaklingum möguleika á að þroska færni til að takast á við daglegt líf.

3.1 Þjónusta og rekstur íþróttamannvirkja ÍTR

ÍTR hefur umsjón með rekstri íþróttamannvirkja þar sem borgarþátttakendur geta stundað almenningsíþróttir og íþróttafélög geta stundað æfingar og keppni. Um er að ræða sundlaugar, íþróttahús, íþróttamiðstöðvar, sparkvelli, skíðabrekkur, útivistarsvæði og útivistarmannvirki.

Meginmarkmið:

1. Að almenn ánægja sé með þá þjónustu og aðstöðu sem ÍTR býður upp á til íþróttaiðkunar.

Leiðir:

- Áhersla sé á að vera vakandi fyrir þörfum og bregðast við óskum notenda.
- Áhersla sé á hreinlæti, hollustu og nýtingu hreinna orkulinda og skulu þessir þættir endurspeglast í mynd starfseminnar.
- Nýting auðlinda og náttúruvernd fari saman.
- Öryggi notenda sé tryggt og unnið sé eftir reglum um öryggi og aðbúnað.
- Íþróttamannvirki ÍTR og önnur styrkhæf íþróttamannvirki standist reglugerðir um æfingar og keppni.

2. Að góð nýting sé á mannvirkjum.

Leiðir:

- Skoðaðir verði möguleikar á að nýta mannvirkin fyrir hvers kyns frístundastarfsemi og viðburði.
- Stuðlað sé að íþróttaiðkun almennings.
- Markaðssetning íþróttamannvirkja ÍTR þar sem lagt er út frá sterkri mynd og að heilsurækt á vegum ÍTR sé ódýr kostur.
- Markaðssetning sem beinist að ferðamönnum.



3. Að boðið sé upp á aðstöðu sem er fjölbreytt þannig að sem flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Leiðir:

- Möguleikar verði skoðaðir á að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar til að auka fjölbreytni. Í tengslum við það verði unnin aðgerðaáætlun um jaðariþróttir.
- Unnið verði að tillögum um hvernig íþróttamannvirki ÍTR geti veitt stuðning til óháðra útivistar- og líkamsræktarhópa, svo sem skokkhópa.

4. Að almenningur og ferðamenn nýti sér sundlaugar ÍTR.

Leiðir:

- Hver sundlaug hafi sína sérstöðu og markaðssetning taki mið af þeirri sérstöðu.
- Sundstaðir ÍTR séu heilsulindir í anda Heilsuborgarinnar Reykjavík, sbr. Stefnumörkun og þróunaráætlun í sundlaugum Reykjavíkur og starfsáætlun um Heilsuborgarverkefni OR og ÍTR.
- Kynningarefni sé gefið út á erlendum tungumálum og það haft aðgengilegt ferðamönnum.

3.2 Fagleg ráðgjöf og samstarf

ÍTR gegnir ráðgefandi hlutverki gagnvart fagráði ÍTR varðandi uppbyggingu og staðsetningu nýrra íþróttamannvirkja, skipulag íþróttamannvirkja í nýjum hverfum og möguleika almennings til útivistar og hreyfingar.

Meginmarkmið:

1. Að ÍTR sé í stakk búið til að veita faglega ráðgjöf og gegna leiðandi hlutverki þegar fjallað er um mál sem tengjast íþróttum í borginni.

Leiðir:

- Þarfagreining verði unnin til að leggja mat á hvaða grunnþjónustu skuli veita varðandi íþróttir í hverfum borgarinnar.
- Þarfagreining verði unnin til að leggja mat á uppbyggingu íþróttamannvirkja hjá íþróttafélögum í hverfunum.
- Samstarf og samvinna sé við Skipulagssvið og aðrar stofnanir borgarinnar sem tengjast íþróttuppbyggingu.
- Þekking sé til staðar innan ÍTR á lögum og reglum um íþróttamál.
- Þekking sé til staðar innan ÍTR á tæknilegum búnaði sem tengist íþróttaiðkun.

4. Útivistarmál

Leiðarljós: ÍTR stuðli að heilbrigðum lífsstíl í lifandi borg þannig að borgarbúar geti á auðveldan hátt notið útivistar í frítíma sínum. Fjölbreytt aðstaða til hreyfingar og samveru borgarbúa sé til staðar þar sem náttúrulegt umhverfi og gæði sem fyrirfinnast í borgarlandinu eru nýtt.

4.1 Nauthólsvíkursvæðið

Á Nauthólsvíkursvæðinu eru ýmsir möguleikar til útivistar. Á Siglunesi er siglingarstarfsemi og haldin fjallahjóla- og ævintýranámskeið. Ylströndin býður upp á umhverfi sjávar og sands þar sem almenningur finnur sér afþreyingu.

4.1.1 Siglunes

Meginmarkmið:

1. Að börn og unglingar kynnist vatnaþróttum og útivist í öruggu umhverfi undir leiðsögn hæfra starfsmanna.

Leiðir:

- Fagleg vinnubrögð sem byggi á skýrt skilgreindu verklagi og skipulagi.
- Aðstaða verði bætt fyrir starfsmena, jafnt innan sem utan dyra.
- Skipulagsyfirlönd setji verndandi reglur fyrir Nauthólsvíkursvæðið. Hafnaryfirvöld setji verndandi reglur vegna umferðar utanaðkomandi báta í Nauthólsvík.
- Strætisvagnasamgöngur í Nauthólsvíkina séu tryggðar.
- Siglunes sækir um aðild að Bláfánanum, evrópskum umhverfis staðli sem tryggir gestum hreint og öruggt umhverfi.

2. Að almenningur og félög hafi möguleika á að nýta sér aðstöðuna á Siglunesi.

Leiðir:

- Samstarf við félög og samtök um nýtingu svæðisins.
- Aðstaða og bátakostur standi almenningi og félögum til boða.



4.1.2 Ylströnd

Meginmarkmið:

1. Að almenningur upplifi Ylströndina sem þægilegt og öruggt umhverfi.

Leiðir:

- Aðgerðaáætlun verði unnin um öryggi gesta.
 - 2. Að umhverfi Ylstrandarinnar sé hreint og heilsusamlegt.
- Leiðir:
- Staðið sé við skilyrði fyrir evrópskri umhverfissvöðun (Bláfánanum) sem Ylströndin hefur nú þegar fengið.
 - Áætlun verði unnin til 5 ára um viðhald og framkvæmdir.
 - Bakvatn Orkuveitunnar verði nýtt til að hita sjávarlónið upp.

3. Að auka aðsókn og vitund almennings um Ylströndina.

Leiðir:

- Skoðað verði hvort beri að lengja opnunartíma, taka upp þjónustugjöld, setja reglur um meðferð áfengis á svæðinu, hvort bæta eigi aðstöðu (t.d. með því að koma upp grillaðstöðu) og hvort bjóða eigi upp á þjónustu fyrir hópa.
- Ylströndin sé kynnt með markvissum hætti.

4.2 Útivistar- og leikjamiðstöðvar

Í Nauthólsvík og Gufunesi eru útivistarsvæði í umsjón ÍTR sem búa yfir miklum möguleikum fyrir borgarbúa að njóta útivistar.

Meginmarkmið:

1. Að möguleikar útivistarsvæða í umsjón ÍTR verði nýttir enn frekar til að mæta þörfum borgarbúa um skipulagða útivist innan borgarmarka.

Leiðir:

- Unnin verði kostnaðargreining varðandi uppbyggingu á útivistar- og leikjamiðstöðvum í Reykjavík. Hlutverk útivistar- og leikjamiðstöðva verði þröðað:
- a) Að bjóða einstaklingum og hópum upp á leiðsögn/dagskrá sem tengist leikjum og útivist.
- b) Að bjóða hópum upp á námskeið sem tengjast hópefli.
- c) Að miðstöðvarnar verði umsjónaraðilar með jaðarsporti í borginni. Þannig beri miðstöðvarnar ábyrgð á aðstöðu sem er í boði fyrir jaðarsport og bjóði upp á leiðsögn sem að því lýtur.

4.3 Skíðabrekkur og skautasvell í hverfum

ÍTR hefur umsjón með skíðabrekku og skautasvellum sem eru í hverfum borgarinnar.

Meginmarkmið:

1. Íbúar Reykjavíkur hafi gott aðgengi til að stunda skíði og skauta innan borgarmarka.

Leiðir:

- Aðgerðaáætlun unnin um skíðabrekkur til að bæta hagkvæmni í rekstri.
- Möguleikar skoðaðir á breyttu rekstrarfyrirkomulagi á skíða brekkum í hverfum borgarinnar.
- Skautasvell sé útbúið á Tjörninni þegar að veður og aðstæður leyfa.

4.4 Skíðasvæðin

Tólf sveitarfélög koma að rekstri og framkvæmdum skíðasvæðanna við Bláfjöll og Skálafell. Sveitarfélögin hafa samþykkt stefnumótun skíðasvæðanna sem ber heitið Fjöllin heilla. ÍTR gegnir veigamiklu hlutverki við rekstur og fjármögnun skíðasvæðanna, sbr. þjónustusamning milli stjórnar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og sveitarfélaga með aðild að þeim.

Meginmarkmið:

1. Að fjöllin verði eftirsótt fjölnota útivistarsvæði með fjölbreyttri þjónustu fyrir alla fjölskylduna.

Leiðir:

- Kannanir séu gerðar meðal gesta og starfsfólks varðandi gæði og starfsemi skíðasvæðanna.
- Aðgerðaáætlun verði unnin um öryggismál skíðasvæðanna.
- Skíða- og brettakennsla verði bætt.
- Aðstaða verði bætt fyrir snjóþettaíðkendur.
- Boðið verði upp á trausta barnagæslu.
- Kynning meðal almennings á skíðasvæðunum.

2. Að aðstaða sé fullnægjandi til æfinga- og keppnishalds.

Leiðir:

- Æfinga- og keppnissvæði séu aðskilin frá almenningssvæðum þegar æfingar og keppnir eru stundaðar.

3. Að uppbygging og rekstur verði í sátt við náttúruna og taki mið af því umhverfi sem starfsemin býr við.

Leiðir:

- Verkferlar verði skýrir um umhverfismál.

4. Að hagkvæmni sé gætt við rekstur skíðasvæðanna.

Leiðir:

- Hagkvæmara miðasölukerfi verði þróað.
- Aukin gæðastjórnun á öllum rekstrarþáttum.
- Rekstrarfyrirkomulagi Hengils-skíðasvæðisins verði breytt með

4.5 Fjölskyldu- og húsdýragarður

Rekstur Fjölskyldu- og húsdýragarðsins í Laugardal heyrir undir ÍTR. Sérstök rekstrarstjórn er ábyrg fyrir starfseminni og í gildi er þjónustusamningur. Stefnumótun fyrir starfsemina liggur fyrir og er hluti af fylgigögnum með stefnumótun ÍTR.



5. Æskulýðs- og tómstundamál

Leiðarljós: Börnum og æskufólki standi til boða félags- og tómstundastarf sem hafi uppeldis- og menntunargildi. Áhersla sé lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og jafnræði. Sérstaklega sé hugað að því að virkja til þátttöku einstaklinga sem eiga undir högg að sækja vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna og að þeir hafi jöfn tækifæri á við aðra. Æskulýðsstarf ÍTR er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er að því að auka þekkingu og hafa áhrif á viðhorf og atferli barna og ungmenna á þann veg að þau kjósi heilbrigðan lífsstíl.

5.1 Æskulýðsmál ÍTR

ÍTR hefur yfirumsjón með æskulýðs- og tómstundastarfi á vegum Reykjavíkurborgar fyrir börn og ungmenni. ÍTR hefur verið í fararbroddi á landsvísi við að efla og þróa fagumhverfi frítímans gagnvart æskufólki. ÍTR gegnir ráðgefandi hlutverki gagnvart fagráði ÍTR varðandi uppbyggingu og staðsetningu nýrra frístundamiðstöðva.

Meginmarkmið:

1. Að treysta starfsgrundvöll æskulýðsmála.

Leiðir:

- Þarfagreining unnin þar sem fram komi viðmiðanir um hvað þarf að hafa til staðar fyrir æskulýðsstarf ÍTR með tilliti til starfsmannafjölda, opnunartíma, húsnæðis og aðstöðu.
- Staða ÍTR með tilliti til afnota af skólahúsnæði sé tryggð með borgarráðssamþykkt.
- Samstarf og samvinna við Menntasvið, Framkvæmdasvið og aðrar stofnanir borgarinnar.
- Reglur séu um úthlutun fjármagns til æskulýðsmála ÍTR með tilliti til íbúasamsetningar í hverfum, fjölda skóla, fjölda nemenda, félagslegrar virkni barna og ungmenna og félagslegra aðstæðna.
- Að ÍTR tryggi starfsemi einnar frístundamiðstöðvar á hverju skilgreindu þjónustusvæði borgarinnar.

2. Að efla þekkingu almennings og stjórnálamanna á þjónustu ÍTR fyrir börn og ungmenni og afla viðurkenningar á mikilvægi faglegrar frítímabjónustu.

Leiðir:

- Kynning og markaðssetning starfseminnar með tilliti til ólíkra markhópa.
- Hvatt sé til endurskoðunar á lögum um æskulýðsmál.

3. Að æskulýðsstarf ÍTR sé vettvangur fyrir börn og ungmenni til lýðræðislegrar og samfélagslegrar þátttöku.

Leiðir:

- Unglingaráð, Ungmennaráð og Reykjavíkurráð ungmenna séu starfrækt til að börn og ungmenni eigi kost á að hafa áhrif á umhverfi sitt.
- Forstöðumenn frístundamiðstöðva gegni hlutverki málsvara barna og ungmenna í hverfum með tilliti til hagsmuna og þarfa á vettvangi frítímans. Æskulýðsfulltrúi hafi sama hlutverk á borgarvísu.
- Samstarf við þá sem gegna málsvarahlutverki fyrir börn og ungmenni.

4. Að ÍTR vinni forvarnarstarf sem snýr að ungu fólki 16– 18 ára.

Leiðir:

- Samstarf við forvarnarfulltrúa í framhaldsskólum.
- Samstarf Hins Hússins og frístundamiðstöðva ÍTR.
- Samstarf ÍTR við lögreglu og félagsþjónustu um leitarstarf.
- Upplýsingaöflun um frávíkshæðun ungs fólks.

5.2 Frístundamiðstöðvar

Heildstæður frítími er í brennidepli í starfsemi frístundamiðstöðva ÍTR þar sem komið er til móts við þarfir barna og unglinga. Frístundamiðstöðvarnar sinna að auki öðrum verkefnum í samstarfi við aðra aðila, sjá kafla 7. Eftirfarandi félags- og tómstundastarf fyrir börn og unglinga er á vegum frístundamiðstöðva:

1. Félags – og tómstundastarf fyrir unglinga 13 ára og eldri.
2. Félags – og tómstundastarf fyrir 6–12 ára börn.
3. Frístundaheimili í skólum.



5.2.1 Félags – og tómstundastarf fyrir unglinga 13 ára og eldri

Meginmarkmið:

1. Að mæta þörfum unglinga fyrir fjölbreytt félags- og tómstundastarf.

Leiðir:

- Unglingar í borginni hafi greiðan aðgang að frístundamiðstöð.
- Áhersla lögð á að vera vakandi fyrir fjölbreytileika í menningu ungs fólks og aðlaga starfsemina að áhuga unglinga.

2. Að efla og styrkja félagsþroska, virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði unglinga.

Leiðir:

- Fagleg vinnubrögð sem byggi á skýrt skilgreindu verklagi og skipulagi.
- Fjölbreytt viðfangsefni.

3. Að virkja til þátttöku í félagsstarfi þá einstaklinga sem þarfnast félagslegs stuðnings.

Leiðir:

- Markvissar aðferðir þar sem unnið er í hópastarfi með unglingunum.
- Samstarf við grunnskólann, félagsþjónustuna, Vinnuskólann, íþróttafélög og aðra aðila sem vinna að íþrótta- og æskulýðsmálum.

4. Að vinna meðal unglinga að forvörnum gegn neikvæðri hegðun, svo sem reykingum, notkun vímuefna, ofbeldi og einelti.

Leiðir:

- Markvissar aðferðir þar sem unnið er í hópastarfi með unglingunum.
- Samstarf við grunnskólann, félagsþjónustuna, Vinnuskólann, íþróttafélög og aðra aðila sem vinna að íþrótta- og æskulýðsmálum.
- Leitar- og vettvangsstarf í hverfum og í miðbænum.

5. Að mæta þörf sem skapast vegna minnkandi atvinnuþátttöku ungmenna á sumrin.

Leiðir:

- Kannaðir séu möguleikar á að bjóða upp á félags- og tómstundastarf allan ársins hring fyrir unglinga 13 ára og eldri.

5.2.2 Félags – og tómstundastarf fyrir 6–12 ára börn

Meginmarkmið:

1. Að mæta þörf barna og foreldra fyrir þjónustu í frístundum.

Leiðir:

- Reykvískum börnum í 5.–7. bekk sé boðið upp á margvíslega tómstundaiðju eftir að skóladegi lýkur.
- Námskeið sé starfrækt á sumrin fyrir börn á aldrinum 6–12 ára.
- Fram fari endurskoðun á sumarnámskeiðum fyrir börn í hverfum borgarinnar þar sem bæði er horft til starfsemi ÍTR og íþrótta- og æskulýðsfélaga.

2. Að efla og styrkja félagsþroska, virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna.

Leiðir:

- Fagleg vinnubrögð sem byggja á skýrt skilgreindu verklagi og skipulagi.
- Fjölbreytt viðfangsefni.

5.2.3 Frístundaheimili í skólum

Meginmarkmið:

1. Að mæta þörf barna og foreldra fyrir þjónustu að loknum skóladegi.

Leiðir:

- Frístundaheimilin bjóði upp á tómstundastarf fyrir 6–9 ára börn þegar hefðbundnum skóladegi lýkur.
- Foreldrar hafi möguleika á að hafa áhrif á þá þjónustu sem er í boði.
- Þjónustustig frístundaheimilanna sé endurskoðað.

2. Að efla og styrkja félagsþroska, virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna.

Leiðir:

- Fagleg vinnubrögð sem byggi á skýrt skilgreindu verklagi og skipulagi.
- Þverfagleg samvinna milli fagaðila innan hvers borgarhluta í þágu einstakra barna eða barnahóps á frístundaheimilum.
- Samráð við skóla um einstaklingsbundinn stuðning og liðveislu.
- Fjölbreytt viðfangsefni, m.a. kynning á æskulýðsstarfssemi í nærumhverfi.



3. Að aðstaða sé með þeim hætti að unnt sé að veita faglega þjónustu þar sem tekið er tillit til þarfa barnanna.

Leiðir:

- Gott samstarf við Menntasvið og skóla um samnýtingu starfs manna og húsnæðis.
- Staðlar um rýmisþarfir og aðstöðu verði endurskoðaðir með tilliti til fjölda barna og starfsmanna og þeir samþykktir með borgarráðssamþykkt.

5.3 Starfsemi fyrir börn og ungmenni með fötlun

Á vegum ÍTR er rekin margvísleg starfsemi fyrir börn og ungmenni með fötlun. Starfsemi fyrir fatlaða er bæði sértæk, þ.e. starfsemi sem einungis er ætluð fötluðum, og almenn, þ.e. starfsemi þar sem þátttakendur eru fatlaðir og ófatlaðir. Sértæk og almenn starfsemi er á vegum Hins Hússins og frístundamiðstöðvanna.

Meginmarkmið:

1. Að styrkja einstaklinginn og efla með honum sjálfstraust, sjálfstæði, virkni, ábyrgð, samskiptahæfni og samkennd.

Leiðir:

- Fagleg vinnubrögð sem byggi á skýrt skilgreindu verklagi og skipulagi.
- Fjölbreytt hópastarf og afþreying þar sem boðið er upp á verkefni í samræmi við áhuga barna og ungmenna.

2. Að kynna fyrir ungmennum með fötlun hvað þeim stendur til boða í lífinu varðandi tómstundir, atvinnu, búsetu og nám.

Leiðir:

- Aðgengilegur vefur með upplýsingum fyrir ungmenni með fötlun.
- Félagsstarf, klúbbastarf, námskeið, vettvangsheimisóknir og starfsþjálfun fyrir ungmenni með fötlun.

3. Að mæta þörf barna með fötlun og foreldra þeirra fyrir þjónustu í frístundum.

Leiðir:

- Sumarnámskeið starfrækt fyrir börn.
- Rekstur fristundaheimilis fyrir börn í Öskjuhlíðarskóla.
- Tómstundastarf fyrir börn að afloknum skóladegi í samstarfi við grunnskóla Reykjavíkur.

4. Að skipulag þjónustu ÍTR mæti sem best þörfum barna og ungmenna með fötlun.

Leiðir:

- Þjónusta ÍTR fyrir börn og ungmenni með fötlun sé samræmd og skipulag hennar skýrt.
- Sérþekking starfsmanna sé nýtt á markvissan hátt.

5.4 Fagleg ráðgjöf og samstarf

Meginmarkmið:

1. Að ÍTR sé í stakk búið til að veita faglega ráðgjöf og gegna leiðandi hlutverk þegar fjallað er um mál sem tengjast tómstundastarfi í borginni

Leiðir:

- Þarfagreining verði unnin til að leggja mat á hvaða grunnþjónustu skuli veita varðandi tómstundir í hverfum borgarinnar.
- Þarfagreining verði unnin til að leggja mat á uppbyggingu aðstöðu hjá æskulýðsfélögum í hverfunum.
- Samstarf og samvinna sé við Skipulagssvið og aðrar stofnanir borgarinnar sem tengjast uppbyggingu í hverfum borgarinnar.
- Þekking sé til staðar innan ÍTR á lögum og reglum um æskulýðsmál.
- Þekking sé til staðar innan ÍTR á hugmyndafræði og þróun í frístundastarfi.

6. Starfsemi fyrir ungmenni

Leiðarljós: Ungt fólk fái stuðning og leiðsögn sem geri þeim kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Áhersla sé lögð á að efla frumkvæði ungs fólks.

6.1 Hitt Húsið

Hitt Húsið er menningar- og upplýsingamiðstöð fyrir ungt fólk á aldrinum 16 – 25 ára. Hitt Húsið sinnir menningar- upplýsinga- og fræðslustarfsemi auk ráðgjafar- og forvarnastarfs.

Meginmarkmið:

1. Að veita ungu fólki aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd.

Leiðir:

- Áhersla sé lögð á að húsnæði og aðstaða nýtist ungu fólki.
- Tæknileg aðstaða sé til staðar og ungt fólk hafi aðgang að tæknilegri ráðgjöf.
- Ungt fólk eignist vettvang til að finna hugmyndum sínum farveg og njóti til þess stuðnings hæfra starfsmanna.

2. Að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi margvísleg málefni sem brenna á ungu fólki.

Leiðir:

- Stuðningur við ungt fólk til sjálfstæðis og sjálfshjálpar.
- Samstarf fagaðila þar sem nýtist þekking, reynsla og ólíkar starfsaðferðir.
- Í Hinu Húsinu verði leitast við að skapa greiðan aðgang að þekkingu á því nýjasta og besta í rannsóknum og fræðum sem varða ungt fólk.

3. Að efla og styrkja menningu og listsköpun ungs fólks.

Leiðir:

- Samstarf við ungt fólk úr öllum listgreinum.
- Borgarbúar fái innsýn í strauma og stefnur í listsköpun og menningarstarfi ungs fólks.
- Samvinna og samskipti við unga listamenn og stofnanir hérlandis sem erlendis.
- Starfræktir verði hópar fyrir ungt listafólk á sumrin.

4. Að virkja ungt fólk til samfélagslegrar og menningarlegrar þátttöku á þeirra eigin forsendum.

Leiðir:

- Stuðningur við frjáls félög og hópa þar sem jafningjafræðsla er í brennidepli.
- Ungt fólk sé hvatt til að vera sýnilegt í samfélaginu og vekja athygli á málefnum sem brenna á því.
- Hitt Húsið sé vettvangur óformlegrar menntunar sem nýtist ungu fólki.
- Alþjóðleg samstarfsverkefni.

5. Að ungt fólk þekki til Hins Hússins.

Leiðir:

- Hitt Húsið byggi upp þá ímynd að það sé málsvari og um leið lýðræðislegur vettvangur ungs fólks.
- Markviss kynning á starfsemi Hins Hússins.

6.2 Vinnumiðlun ungs fólks (VUF)

Vinnumiðlun ungs fólks er þjónusta fyrir ungmenni 17 ára og eldri.

Meginmarkmið:

1. Að styrkja stöðu ungs fólks í Reykjavík á vinnumarkaði.

Leiðir:

- Vinnumiðlun ungs fólks verði miðstöð reykvískra ungmenna í atvinnuleit.
- Einstaklingsmiðuð aðstoð.
- Markviss kynning á VUF fyrir ungu fólki og vinnuveitendum.
- Upplýsingar um atvinnumál ungs fólks séu aðgengilegar.
- Ungu fólki verði boðið upp á námskeið sem styrki það á vinnumarkaði.

2. Að efla rannsóknir á atvinnuþátttöku ungs fólks í Reykjavík.

Leiðir:

- Þarfir atvinnulausra ungmenna verði kannaðar.
- Samvinna við nýsköpunarsjóð námsmanna.
- VUF hafi ætíð upplýsingar um atvinnuástand ungs fólks þannig að hægt sé að bregðast fljótt við ef atvinnuleysi fer yfir þau mörk sem eðlilegt getur talist.

3. Að byggja upp samstarf við stofnanir og fyrirtæki.

Leiðir:

- Samstarf verði við stofnanir og einkafyrirtæki um ýmis verkefni tengd atvinnumálum ungmenna, svo sem málþing og starfsnám.
- Stofnanir Reykjavíkurborgar verði hvattar til þess að sækja um fjármagn í atvinnuleysistryggingasjóð til framkvæmdar nýrra verkefna.

7. Samstarf í hverfum

Leiðarljós: ÍTR beiti sér fyrir samstarfi stofnana, félaga og fyrirtækja í hverfum í þeim tilgangi að bæta þjónustu við borgarbúa og efla félagsauð þeirra.

7.1 Samstarf við félög, samtök og stofnanir

ÍTR hefur samráð við þá aðila sem koma að félagslífi, íþróttum og menningu í borginni, svo sem þjónustumiðstöðvar og aðrar borgarstofnanir, íþróttafélög, skáta, kirkjur, trimmhópa, listamenn, húsfélög, skóla, leikskóla og félagsstarf aldraðra.

Meginmarkmið:

1. Að efla hverfisvitund og styrkja tengsl íbúa í hverfum borgarinnar.

Leiðir:

- Samstarfsverkefni allra aðila sem tengjast félagslífi, íþróttum og menningu hverfanna, svo sem um hverfishátíðir, málþing og einstaka viðburði.
- Félögum, samtökum og einstaklingum standi til boða afnot af húsnæði sem ÍTR hefur yfir að ráða.

2. Að efla þjónustu fyrir börn og unglinga og eiga samstarf við þá aðila sem hlutverki hafa að gegna gagnvart æskufólki.

Leiðir:

- Samstarf ÍTR við aðra fagaðila í hverfinu við að greina áhættuhegðun barna og unglinga í tæka tíð og stuðla að aðgerðum.
- Samstarf ÍTR við skóla og íþróttafélög í því skyni að virkja félagslega einangruð börn og ungmenni til félagslegrar þátttöku.
- Vettvangur sé til staðar til hreyfingar og líkamsræktar fyrir þau börn og unglinga sem ekki finna sig í hefðbundnu íþróttastarfi. Samstarf verði við áhugahópa um slíka starfsemi.
- Samstarf ÍTR, ÍBR og íþróttafélaga um íþróttakynningu, íþróttaskóla félaganna og íþróttaiðkun barna í frístundaheimilum ÍTR.
- Samstarf ÍTR og aðila sem vinna með ungu fólki um að gera íþrótt-, æskulýðs- og menningarstarf sýnilegra í hverfum og vinna gegn brottfalli ungra þátttakenda.
- Samstarf frístundamiðstöðva og skóla um lífsleiknikennslu í skólunum.
- Samstarf frístundamiðstöðva og skóla um ÞOR (vottun á óformlegu námi).
- Íþrótt- og tómstundastarf í hverfum fyrir 6-9 ára börn verði samræmt þannig að börn og foreldrar geti í auknum mæli notið samvista að vinnudegi loknum.
- Samstarf ÍTR við foreldra og áhersla lögð á að styrkja þá í uppeldishlutverkinu, svo sem með fræðslu og skemmtunum.
- Samstarf við foreldrafélög skóla og stuðningur við foreldrarölt.



4. Að stuðla að heildstæðri frítímaþjónustu.

Leiðir:

- Forstöðumenn starfsstaða ÍTR innan hvers hverfis verði leiðandi um þróun samstarfs og ábyrgir fyrir verkefnum sem tengjast frítímaþjónustu á hverfisgrunni.
- Þeir sem sinna frítímaþjónustu í hverfum viðhafi fagleg vinnubrögð og vinni eftir sömu grunnigildum.

7.2 Samstarf milli starfsstaða ÍTR

Í hverfum borgarinnar rekur ÍTR marga starfsstaði sem gegna ólíku hlutverki. Mikilvægt er að stuðla að góðum tengslum milli þessara starfsstaða sem allir eiga það sammerkt að vinna á vettvangi frítímans.

Meginmarkmið:

1. Að tengja saman ólíka starfsstaði ÍTR á hverfisgrunni og efla samheldni starfsmanna.

Leiðir:

- Sameiginleg námskeið starfsmanna innan hverfa.
- Samvinna um að efla starfsmenningu og félagslíf starfsmanna ÍTR.
- Sveigjanleiki og fjölbreytni í störfum og möguleiki starfsfólks til að flytja sig milli starfsstaða.

7.3 Samstarf við þjónustumiðstöðvar – hverfapjónusta.

Samkvæmt samþykkt borgarstjórnar starfa þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur á hverfisgrunni. Þjónustumiðstöðvunum er ætlað að veita aðgengilega og skilvirka þjónustu. Þjónustumiðstöðvarnar bjóða m.a. upp á upplýsingamiðlun, afgreiðslu umsókna, félagslega ráðgjöf og skóla- og sérfræðiþjónustu. Þjónustan er þverfagleg þar sem sérfræðingar á ólíkum sviðum vinna saman.

Meginmarkmið:

1. Að ÍTR eigi gott samstarf við þjónustumiðstöðvar með það að markmiði að samræma íþrótt- og tómstundatilboð hverfisins sem og verkefni tengd forvörnum og almennu hverfastarfi.

Leiðir:

- Undirbúningur flutnings á rekstrarlegri ábyrgð frístundaheimila frá ÍTR yfir á þjónustumiðstöðvarnar í árslok 2006.
- Skoðaðir verði möguleikar til samþættingar í starfsemi frístundamiðstöðvanna og þjónustumiðstöðvanna.
- Frístundaráðgjafar sem starfa við hverja þjónustumiðstöð verði tengiliðir við starfsemi ÍTR og félaga í hverfinu.



8. Málefni innflytjenda

Leiðarljós: Reykvískt samfélag fái notið fjölbreytni í mannlífi og menningu þar sem þekking, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einnenna samskipti fólks.

ÍTR vill stuðla að því að innflytjendur geti tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. ÍTR býður upp á margvíslega starfsemi fyrir börn innflytjenda á Íslandi. Í því starfi er áhersla á uppeldis- og menntunargildi líkt og í öðru æskulýðsstarfi ÍTR.

Meginmarkmið:

1. Að ungir innflytjendur verði virkir þátttakendur í íslensku samfélagi.

Leiðir:

- ÍTR starfræki félags- og tómstundastarf fyrir börn og unglunga innflytjenda í þeim hverfum þar sem innflytjendur eru fjölmennir.
- Sumarnámskeið fyrir börn og unglunga í samstarfi við grunnskólann og Námsflokka Reykjavíkur.

2. Að ungir innflytjendur geti nýtt sér frístundamiðstöðvar og félags- og tómstundastarf ÍTR innan skóla til jafns við önnur börn og ungmenni.

Leiðir:

- Félags- og tómstundastarf ÍTR innan skóla með móttökudeildir fyrir unga innflytjendur sé skipulagt með tilliti til þeirra þarfa.
- Frístundamiðstöðvar skipuleggi starf sitt með tilliti til þarfa ungra innflytjenda.

3. Að vinna gegn fordómum gagnvart innflytjendum.

Leiðir:

- Fræðsla um fordóma og fjölmennningarleg samfélög fyrir alla starfsmenn ÍTR.
- Markviss fræðsla til starfsmanna ÍTR sem hafa það verkefni að miðla þeirri fræðslu áfram til barna og unglunga.
- Starfsstaðir geri aðgerðaáætlun sem feli í sér hvernig skuli bregðast við ef fordómar koma upp á starfsstöðum.

4. Að ÍTR komi upplýsingum um þjónustu og starf sviðsins til innflytjenda.

Leiðir:

- Aðgengilegt kynningarefni á ýmsum tungumálum um starfsemi ÍTR.
- Starfsmenn ÍTR þekki til tálkaþjónustu.
- Kynning á ÍTR á hverfisgrunni í samstarfi starfsstaða ÍTR.
- Kynning á ÍTR í samstarfi við aðrar stofnanir.

5. Að ÍTR nýti sér menningarlega fjölbreytni innflytjenda sem vinna hjá sviðinu.

Leiðir:

- Innflytjendur sem vinna hjá ÍTR fái möguleika til að nýta sína reynslu, hæfni og þekkingu.
- Innflytjendur sem vinna hjá ÍTR séu hvattir til að fara á íslenskunámskeið.

III. hluti – Samstarf við félög og samtök, meginmarkmið og leiðir

9. Samstarf við félög og samtök á sviði íþróttta- og æskulýðsmála

Leiðarljós: ÍTR, félög og samtök á sviði íþróttta- og æskulýðsmála hafi með sér samráð og vinni í samstarfi að því að efla íþróttta- og æskulýðsstarf með virkri þátttöku almennings. Þannig er stuðlað að heilbrigðum lífsstíl almennings og góðum uppeldisaðstæðum í borginni.

9.1 Samstarf við íþróttahreyfinguna í Reykjavík

Íþróttta- og tómstundaráð úthlutar styrkjum til starfsemi og uppbyggingar íþróttastarfs í Reykjavík. Íþróttafélög í Reykjavík eru um fimmtíu talsins og saman mynda þau Íþróttabandalag Reykjavíkur, ÍBR. Þeim má skipta í tvo meginflokka, hverfisfélög sem þjóna tilteknum hverfum og fjölgreina- og sérgreinafélög sem sinna tilteknum íþróttagreinum. Milli Íþróttabandalags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar er í gildi samningur sem varðar samskipti, styrkveitingar, rekstur, framkvæmdir og önnur sameiginleg hagsmunamál.

9.1.1 Samstarf ÍTR og ÍBR

Meginmarkmið:

1. Að ÍTR og ÍBR stuðli sameiginlega að eflingu íþróttastarfs í borginni.

Leiðir:

- Útdeiling fjármuna sem ÍTR veitir til íþróttafélaga borgarinnar.
- Unnið verði að stefnumiðum og markmiðum sem sett voru fram í sameiginlegri skýrslu ÍTR og ÍBR um Íþróttir á nýrri öld.
- Eftirlit og ráðgjöf með fjármálum íþróttafélaganna.
- Eftirlit með faglegu starfi íþróttafélaganna og aðstoð við þróun starfsemi.
- Úthlutun tíma í íþróttahúsum og eftirlit með nýtingu þeirra.
- Þjónusta við íþróttafélögin, svo sem vegna skipulagningar íþróttamóta.
- Umsögn um erindi sem varða uppbyggingu starfsemi og mannvirkja.
- Úthlutun úr Afreks- og styrktarsjóði þar sem viðurkenningar eru veittar fyrir íþróttafrek og góða starfssemi íþróttafélaga.

9.1.2 Samstarf ÍTR og íþróttafélaganna í Reykjavík

Meginmarkmið:

1. Að stuðla að jafnræði milli íþróttafélaga borgarinnar.

Leiðir:

- Hverfisfélög njóti sambærilegrar þjónustu af hálfu ÍTR.
- Sérgreina- og fjölgfélög njóti sambærilegrar þjónustu af hálfu ÍTR.
- Til staðar séu skýrar úthlutunarreglur og umsóknarferli varðandi styrki til íþróttafélaganna.
- Við skiptingu borgarinnar í hverfi og þróun nýrrar byggðar verði íþróttafélögum ekki mismunað.
- ÍTR hafi regluleg samskipti við íþróttafélög borgarinnar, þróaðir verði skýrt skilgreindir samskiptaferlar þar sem kveðið er á um tilgang og form samskipta ÍTR og íþróttafélaganna.

2. Að uppbygging íþróttaaðstöðu og starfsemi taki mið af þörfum borgarbúa.

Leiðir:

- ÍTR taki ákvarðanir um uppbyggingu aðstöðu og mannvirkja á faglegum grunni þar sem stuðst er við bestu sérfræði- upplýsingar sem völ er á hverju sinni.
- ÍTR leitist við að styðja nýjar íþróttagreinar sem ekki falla innan ramma skipulegs starfs íþróttafélaga svo sem jaðariþróttir.

3. Að stuðla að góðri nýtingu íþróttamannvirkja í borginni.

Leiðir:

- Lögð sé áhersla á samnýtingu íþróttahúsnæðis milli skóla, íþróttafélaga og almennings.
- Ákvarðanataka við útdeilingu tíma í íþróttamannvirkjum sé gegnsæ og skilvirk þar sem leitast er við að mæta þörfum ólíkra aðila.

4. Að íþróttastarf íþróttafélaganna í Reykjavík sé faglegt og taki mið af uppeldisgildum íþróttta- og æskulýðsstarfs.

Leiðir:

- ÍTR styðji íþróttafélögin við að byggja upp faglegt starf þar sem áhersla er lögð á velferð barna og ungmenna.
- Lögð sé áhersla á að samræma á markvissan hátt innra starf íþróttafélaganna.
- Íþróttafélögin starfi eftir íþróttanámskrá ÍBR og íþróttafélag anna sem tryggi börnum og unglingum faglega íþróttapjálfun.



5. Að samskipti og samstarf þeirra aðila sem koma að íþróttastarfi í hverfum borgarinnar séu markviss og leiði til bættrar þjónustu og skilvirkni

Leiðir:

- Samskiptasamningur ÍBR og Reykjavíkurborgar verði endur skoðaður eftir þörfum
- Gerður verði þríhliða þjónustusamningur milli hverfisíþróttafélaganna, ÍTR og ÍBR þar sem ábyrgð, samskipti og hlutverk eru skilgreind. Í þjónustusamningnum komi m.a fram þau verkefni sem viðkomandi félag tekur að sér að sinna. Þá sé skilgreint hvað Reykjavíkurborg leggi til vegna samstarfsins. Verkefni sem kveðið er á um í samningnum skulu varða íþróttamannvirki, rekstur íþróttafélaga, félagsstarf, barna- og unglingastarf, afreksíþróttir og nýsköpun í íþróttastarfi í Reykjavík. Heimilt verði að gera sambærilega samninga við önnur félög.

9.2 Samstarf við æskulýðsfélög í Reykjavík

Íþróttá- og tómstundaráð úthlutar styrkjum til starfsemi og uppbyggingar æskulýðsstarfs í Reykjavík. Æskulýðsfélög starfa mörg á borgarvísu, í einstökum hverfum borgarinnar, sem og á landsvísu.

Meginmarkmið:

1. Að efla stuðning og samstarf við félög og samtök sem vinna að æskulýðsstarfi í borginni.

Leiðir:

- ÍTR hvetji æskulýðsfélög í Reykjavík til að efla samtakamátt sinn og stofna með sér bandalag sem væri málsvári æskulýðsfélaga í borginni.
- ÍTR beiti sér fyrir því að borgarbúar hafi sem bestar upplýsingar um skipulagða starfsemi sem er í boði fyrir börn og unglinga á vegum æskulýðsfélaga.

2. Að stuðla að jafnræði milli æskulýðsfélaga þegar kemur að styrkveitingum frá Reykjavíkurborg.

Leiðir:

- ÍTR tryggi að öll æskulýðsfélög í Reykjavík njóti sambærilegrar þjónustu af hálfu borgarinnar.
- Til staðar séu skýrar úthlutunarreglur og umsóknarferli varðandi styrki til æskulýðsfélaganna.
- ÍTR hafi regluleg samskipti við æskulýðsfélög borgarinnar, þróaðir verði skýrt skilgreindir samskiptaferlar þar sem kveðið er á um tilgang og form samskipta ÍTR og æskulýðsfélaganna.

3. Að ÍTR og æskulýðsfélögin þrói með sér sameiginlegan skilning á þeim gildum sem eru eftirsóknarverð í félags- og æskulýðsstarfi.

Leiðir:

- Stuðningur sé við fræðslustarf fyrir starfsmenn æskulýðsfélaga í því skyni að þróa fagleg vinnubrögð.
- ÍTR komi á sameiginlegum vettvangi opinna umræðu meðal þeirra aðila sem vinna með börnum og unglingum um ábyrgð þeirra og hlutverk.

4. Að ÍTR hvetji æskulýðsfélög til nýsköpunar- og þróunarstarfs í æskulýðsstarfi.

Leiðir:

- Veitt verði fjármagn til viðurkenningar fyrir nýsköpunar- og þróunarverkefni í æskulýðsstarfi.
- Kannaðir verði möguleikar á að gera samstarfssamninga eða verkefnabundna samninga við æskulýðsfélög um þjónustu fyrir börn og unglinga í hverfum borgarinnar.

5. Að ÍTR stuðli að því að æskulýðsfélög í Reykjavík hafi aðstöðu fyrir starfsemi sína.

Leiðir:

- ÍTR veiti æskulýðsfélögum sem greiðastan aðgang að húsnæði á sínum vegum.

6. Að ÍTR stuðli að fjölbreytileika í æskulýðsstarfi í hverfum borgarinnar.

Leiðir:

- ÍTR leitist við að afla sér áreiðanlegra upplýsinga frá æskulýðsfélögnum um inntak og eðli starfsins og fjölda og aldur þátttakenda í starfseminni. Þessum upplýsingum miðli ÍTR til almennings í borginni.
- ÍTR leitist við að fá langtímaáætlanir æskulýðsfélaganna um uppbyggingu starfsemi þeirra.
- ÍTR leitist við að gæta hagsmuna æskulýðsfélaganna við gerð langtímaáætlana um uppbyggingu og skipulag í nýjum og eldri hverfum borgarinnar.



IV. hluti – Miðlæg þjónusta, meginmarkmið og leiðir

10. Stoðþjónusta ÍTR

Leiðarljós: ÍTR styðji starfsstaði við að sinna sem best hlutverki sínu með því að veita markvissa stoðþjónustu sem snýr að starfsfólki og aðstöðu. Áhersla sé lögð á að stoðþjónustan sé öllu starfsfólki ÍTR aðgengileg og styrki þannig starfsfólkið við að veita borgarbúum góða þjónustu.

10.1. Fræðsla, fagþróun og rannsóknir

ÍTR leggur metnað í að vera í fararbroddi við að efla og þróa fagumhverfi frítímaþjónustu. Fagþróun leiðir til nýrra vinnubragða og viðmiða. Fagþróun byggist á því að starfsfólk sviðsins sækir sér fræðslu og reynslu sem nýtist í starfi. Rannsóknir eru mikilvægur grundvöllur við fagþróun og stefnumótun.

10.1.1 Fræðslukerfi ÍTR

Meginmarkmið:

1. Að fræðsla á vegum ÍTR eflir fagmennsku starfsmanna sviðsins.

Leiðir:

- Öllu starfsfólki ÍTR standi til boða að sækja fræðslunámskeið til að auka þekkingu sína og færni sem nýtist í starfi.
- Viðmiðunarreglur séu um innihald og fyrirkomulag á þeirri grunnfræðslu sem starfsfólki ÍTR er ætlað að njóta.
- Fræðsluáætlun ÍTR verði birt árlega. Í fræðsluáætlun birtist ársyfirlit um námskeið fyrir starfsmenn sviðsins.
- Fræðslutilboð ÍTR séu ekki einungis bundin í fræðsluáætlun. Í samræmi við ný verkefni séu sett fram fræðslutilboð fyrir starfsmenn ÍTR þegar við á.
- Á hverjum starfsstað ÍTR fari fram sértæk fræðsla sem snýr að viðkomandi starfsemi.
- Í fræðslu á starfsstað sé lögð áhersla á öryggisþætti og áhættuþætti í umhverfinu.
- Starfsstaðir ÍTR hafi aðgengi að fræðslu sem lítur að samskiptum á vinnustað.
- Unnin verði handbók um starfsemi ÍTR.
- Samstarf verði við aðrar borgarstofnanir um fræðslu. ÍTR bjóði öðrum borgarstofnunum þátttöku í fræðslunámskeiðum eftir því sem við á.
- Reglur um launað námsleyfi starfsmanna verði mótaðar. Fors endur verði skilgreindar um launað námsleyfi og skilgreint hvernig starfsmenn geti nýtt þá þekkingu í þágu ÍTR.
- Reglur verði mótaðar um sölu á sérfræðiþekkingu sem starfsmenn hafa öðlast hjá ÍTR.

2. Að komið verði til móts við þörf starfsmanna fyrir fræðslu.

Leiðir:

- Í samræmi við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar setji ÍTR fram einstaklingsmiðaða símenntunaráætlun. Í símenntunaráætlun sé kynnt ársyfirlit um námskeið fyrir hvern starfsmann sviðsins.
- Símenntunaráætlanir verði gerðar árlega.
- Yfirmenn starfsstaða hvetji starfsmenn sína til símenntunar. Jafnframt hafi starfsmenn frumkvæði að því að viðhalda og bæta þekkingu í starfi.

10.1.2 Fagþróun og rannsóknir

Meginmarkmið:

1. Að efla fagumhverfi og fagþróun á vettvangi frítímans.

Leiðir:

- Markvissar umræður fari fram um viðfangsefni, aðferðir og vinnubrögð.
- Niðurstöður rannsókna verði markvisst nýttar.
- Stutt sé við frumkvæði starfsmanna við að koma á fót verkefnum sem fela í sér nýja hugmyndafræði og vinnubrögð.
- Starfsmenn hafi greiðan aðgang að upplýsingum erlendis frá sem varða fagið.

2. Að styrkja háskólasamfélagið og stuðla að því að frítímaþjónusta sé skilgreind sem sjálfstætt fag.

Leiðir:

- ÍTR hafi samstarf við háskólasamfélagið um þróun náms, kennslu og rannsókna á sviði tómstundafræða.
- Samstarfi við háskólastigið verði komið á fót um þróun náms þar sem áhersla sé lögð á nýtingu vatns, jarðvarma og orku fyrir íþróttamannvirki.

3. Að deila þekkingu til annarra aðila og afla nýrrar til að efla fagþróun frítímaþjónustu.

Leiðir:

- Áhersla sé á að miðla og deila innan sem utan sviðsins reynslu og þekkingu sem myndast við þróun nýrra verkefna hjá ÍTR.
- Vel heppnuð verkefni og vinnubrögð annarra verði nýtt til fyrirmyndar og samanburðar.
- Reglur verði settar um styrkveitingar til starfsmanna sem fara utan til þekkingaröflunar. Ferðin nýtist í starfi og starfsmaður miðli til sviðsins reynslu og þekkingu erlendis frá þegar heim er komið.

4. Að stuðla að rannsóknum á sviði frítímafræða.

Leiðir:

- Innan ÍTR sé til staðar þekking á framkvæmd og nýtingu rannsókna.
- Samhliða starfsáætlun sé unnin áætlun um rannsóknir sem varða gæðamat, viðhorf og ímynd ÍTR.
- ÍTR stuðli að eflingu rannsókna innan háskólastigsins sem varða frítímann.
- Samstarf sé við aðrar stofnanir og fyrirtæki um framkvæmd umfangsmikilla rannsókna.
- Samráð og samstarf sé við aðila erlendis um að þróa vinnu brögð við rannsóknir og nýtingu rannsókna við starfsþróun.

10.2 Fasteigna- og búnaðarmál

ÍTR hefur umsjón með mannvirkjum þar sem er til staðar sérhæfður búnaður og aðstaða sem nýtist viðkomandi starfsemi. Framkvæmdasvið Reykjavíkur hefur umsjón með mannvirkjum borgarinnar sem ÍTR nýtir. Breytingar og viðhald þeirra svo og nýbyggingar eru á hendi Framkvæmdasviðs.

10.2.1 Mannvirki og aðstaða

Meginmarkmið:

1. Að aðstaða og búnaður sé með þeim hætti að hver starfsstaður geti sinnt hlutverki sínu á fullnægjandi hátt.

Leiðir:

- Staðlar um rýmisþarfir og aðbúnað verði settir fram fyrir starfsemi ÍTR sem snúi m.a. að íþróttamannvirkjum, útivistar mannvirkjum, frístundamiðstöðvum og starfsstöðum þeirra.
- Búnaðarlistar verði unnir fyrir starfsemi sviðsins. Listarnir verði notaðir til viðmiðunar við hönnun nýrra mannvirkja.
- Tryggt sé viðhald og endurnýjun búnaðar og mannvirkja.
- Húsnæðismál frístundamiðstöðva ÍTR í skólum verði tekin til skoðunar.
- Húsnæðismál frístundaheimila ÍTR verði tekin til skoðunar.
- Húsnæði sé samnýtt í þágu mismunandi starfsþátta til að efla þjónustu enn frekar.
- Aðgengi fatlaðra sé tryggt að allri starfsemi ÍTR.
- Sérstaklega skal huga að aðstöðu fyrir jaðariþróttir.
- Við gerð fjárhagsáætlunar ÍTR sé tekið tillit til viðhalds á mannvirkjum sem eru ekki á ábyrgð Framkvæmdasviðs.
- ÍTR taki ekki að sér ný verkefni nema að til staðar sé fullnægjandi húsnæði og aðbúnaður til að sinna þeim.

10.2.2 Samvinna ÍTR og Framkvæmdasviðs

Meginmarkmið:

1. Að unnið sé á skilvirkan hátt að viðhaldi, breytingum og nýbyggingum mannvirkja á vegum ÍTR þar sem tekið er fullt tillit til þeirrar þjónustu sem ÍTR veitir.

Leiðir:

- ÍTR og Framkvæmdasvið vinni í sameiningu að áætlun til 5 ára um nýbyggingar, viðhald og breytingar á mannvirkjum ÍTR.
- Samskiptaferlar ÍTR og Framkvæmdasviðs séu skýrir og skilvirkir.
- Skýrar verklagsreglur séu milli ÍTR og Framkvæmdasviðs varðandi nýbyggingar eða endurbætur á húsnæði með tilliti til samráðs og forsagnar um rýmisþarfir.

10.3 Starfsmannamál

Fjölþætt starfssvið ÍTR gerir það að verkum að hjá sviðinu starfar fjölbreyttur hópur starfsmanna. Sérþekking sem tengist viðkomandi starfssviði er mikilvæg.

Meginmarkmið:

1. Að hjá ÍTR starfi hæft, ábyrgt og áhugasamt starfsfólk.

Leiðir:

- Ávallt sé leitast við að ráða hæfa starfsmenn sem búa yfir þekkingu og getu sem nýtist í starfi.
- Starfsmenn fái viðeigandi þjálfun og menntun sem er nauðsynleg fyrir starf þeirra.
- Starfsmenn leitist við að laga sig að þeim kröfum sem starfið gerir til þeirra svo sem vegna tæknilegrar og faglegrar þróunar.
- Stjórnendur ÍTR með mannaforráð fái stuðning við starfsmannastjórnun.

2. Að ÍTR styrki mannauð, starfsfólk hafi möguleika á að vaxa og dafna í starfi og að starfsmenn líti á starf hjá ÍTR sem framtíðarstarf.

Leiðir:

- Starfsmenn ÍTR fái notið hæfileika sinna í starfi og svigrúm sé fyrir starfsmenn til að eiga frumkvæði að verkefnum sem lúta að starfsemi.
- Starfsmenn hafi möguleika á að takast á við ný og breytt verkefni.
- Starfsmannasamtal milli starfsmanns og yfirmanns fari fram að lágmarki einu sinni á ári.
- Starfsmannasamtöl verði notuð markvisst við starfsþróun.



3. Að ÍTR sé góður vinnustaður þar sem ríki samheldni og andi jafnræðis.

Leiðir:

- Starfsmenn ÍTR séu samtaka um að framfylgja stefnu borgarinnar og stefnu ÍTR og að ná þeim árangri sem stefnt er að í starfsáætlun.
- Greið samskipti og reglulegir starfsmannafundir.
- Sveigjanleiki til að samræma starf og einkalíf.
- Heilbriggt vinnuumhverfi og góð vinnuaðstaða.

4. Að starfsumhverfið sé starfshvetjandi.

Leiðir:

- Starfslýsingar fyrir öll störf.
- Verkferlar vel skilgreindir og ábyrgðarsvið skýr.
- Gott upplýsingaflæði innan sviðsins.
- Starfsmannasamtöl notuð markvisst fyrir umbun og hvatningu.

10.4 Jafnréttismál

Stefna ÍTR í jafnréttismálum byggist á jafnréttisáætlun Reykjavíkurborgar. ÍTR leitast við að taka tillit til jafnréttismála við skipulagningu á þjónustu sem og í starfsmannamálum.

Meginmarkmið:

1. Að sérhver einstaklingur geti nýtt sér þjónustu ÍTR.

Leiðir:

- Jafnréttissjónarmið séu samþætt þjónustu ÍTR.
- Þjónusta ÍTR sé öllum aðgengileg.
- Þjónusta ÍTR sé sniðin jafnt að þörfum og áhuga beggja kynja.

2. Að jafnrétti ríki á vinnustöðum ÍTR.

Leiðir:

- Jafnréttissjónarmið séu samþætt starfsmannamálum ÍTR.
- Við ráðningar og tilfærslur í starfi sé þess gætt að allir hafi jafnan rétt óháð kynferði, uppruna eða fötlun.
- Allir starfsmenn sem starfa hjá ÍTR hafi jöfn tækifæri og möguleika til starfa og til símenntunar. Hæfnis- og árangurs laun og aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á kjör skulu byggjast á málefnalegum forsendum óháð kynferði, uppruna eða fötlun.
- Sveigjanleiki sé til staðar til að samræma starf og einkalíf.
- Leitast skal við að hafa sem jafnast hlutfall kvenna og karla í stjórnunarstöðum og innan ólíkra starfssviða ÍTR.

10.5 Markaðs- og kynningarmál

Mikilvægt er að hvetja borgarbúa til að nýta sér þá þjónustu og aðstöðu sem sviðið veitir. Virk þátttaka almennings í íþróttum og tómstundum eflir mannlíf, velferð og lífsgæði.

Meginmarkmið:

1. Að almenningur þekki og nýti sér þá þjónustu sem ÍTR býður upp á.

Leiðir:

- Aðgerðaáætlun verði unnin í markaðs- og kynningarmálum. Áætlunin verði sviðið í heild sem og einstaka starfsstaði.
- Öll starfsemi á vegum ÍTR sé skýrt auðkennd með merki Reykjavíkurborgar og ÍTR og að mannvirki ÍTR hafi samræmdar merkingar.
- Almenningur hafi auðvelt aðgengi að upplýsingum varðandi þjónustu sviðsins.
- Fjölbreyttir miðlar séu nýttir við að koma upplýsingum á fram færi til almennings.
- Starfsfólk hljóti þjálfun í upplýsingamiðlun, bæði í notkun miðla (t.d. vefnum) sem og í samskiptum við fjölmiðla.

2. Að ímynd ÍTR sé jákvæð meðal almennings og samstarfsaðila.

Leiðir:

- Hvarvetna í starfseminni sé virðing borin fyrir viðskiptavinum ÍTR.
- * Framkoma og viðmót starfsmanna sé sviðinu til sóma.
- * Starfsmenn séu snyrtilegir og beri merkingu ÍTR þegar það á við.
- * Kynningarefni sé aðlaðandi og með skýrum skilaboðum og góðu málfari.
- * Umhverfi þjónustu ÍTR sé aðlaðandi, hreint og heilsusamlegt.
- * ÍTR leitist við að kynna starfsemi sem samstarfsaðilar bjóða á vettvangi frítímans.

3. Að þeir sem sækja þjónustu til ÍTR séu ánægðir með þjónustuna.

Leiðir:

- Starfsstaðir ÍTR uppfylli það þjónustustig sem kynnt er og þjónustan mæti væntingum þjónustuþega.
- Þjónustukannanir séu framkvæmdar. Leitast sé við að mæla ánægju, væntingar gesta og gæði þjónustunnar.

4. Að auka sveigjanleika í þjónustu, rafvæða miðakerfi starfsstaða ÍTR, einfalda gjaldskrár og auka sjálfvirkni.

Leiðir:

- ÍTR sé þátttakandi í samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Strætó bs. og Smartkorta um þróun smartkorta.

10.6 Fjármál

ÍTR fær framlag út borgarsjóði en tekur jafnframt gjöld fyrir ýmsa þjónustu sem sviðið veitir. Starfsstaðir ÍTR fá úthlutað fjármunum til rekstrar á grundvelli fjárhagsáætlunar og eru ábyrgir fyrir því að fylgja fjárhagsáætlun hvers árs.

Meginmarkmið:

1. Að tryggja góða nýtingu og stýringu fjármuna.

Leiðir:

- Unnið sé eftir samþykktri fjárhags- og starfsáætlun ÍTR og Reykjavíkurborgar.
- Áætlanir og uppgjör gefi skýra og aðgengilega mynd af rekstri og fjárfestingum.
- Ákvörðunarvald og ábyrgð á ráðstöfun fjár fari saman og séu tengd vettvangi verkefna.
- Ákvörðunartaka um forgangsörðun og dreifingu fjármuna sé vel rökstudd og gegnsæ.
- Hagkvæmir þjónustusamningar séu gerðir þar sem við á og samstarf haft við félagasamtök og einkaaðila við uppbyggingu og rekstur.
- Við ákvörðun um hvort og hvernig staðið er að rekstri einstakra starfsþátta sé tekið tillit til kostnaðargreiningar.
- Gerð séu sameiginleg innkaup starfsstaða ÍTR þar sem það á við.
- Stjórnendur starfsstaða ÍTR fái stuðning við fjármálaumsýslu starfsstaða.

2. Að stuðla að verðmætasköpun.

Leiðir:

- Vinnubrögð tryggi faglegt mat á rekstri, fjárfestingum og samningum sem skuldbinda ÍTR.
- Þjónustugjöld (t.d. aðgangseyrir) fylgi að jafnaði kostnaðar- og verðlagsþróun.
- Stuðnings fyrirtækja sé aflað við einstaka viðburði og sérverkefni þar sem samkeppnisumhverfi er ekki til staðar.

3. Að auðvelda samanburð milli rekstrareininga og ólíkra rekstrarleiða.

Leiðir:

- Nýttar séu sambærilegar sem og ólíkar lausnir sem fyrirmyndir.
- Skráning fjármálagagna sé samræmd.

10.7 Upplýsingatækni

Upplýsingatækni er mikilvægur hluti af nútíma vinnubrögðum. Mikilvægt er að starfsfólk ÍTR geti nýtt sér upplýsingatækni á markvissan og skilvirkan hátt.

Meginmarkmið:

1. Að flæði gagna og aðgengi að upplýsingakerfum innan ÍTR sé samræmt, hagkvæmt og skilvirkt.

Leiðir:

- ÍTR hafi yfir að ráða góðri ráðgjöf og þjónustu í upplýsinga- og tæknimálum.
- Tölvu- og tækjakostur uppfylli þarfir starfsstaða ÍTR.
- Umsjón, innkaup og ábyrgð tölvu- og tækjakosts verði á ábyrgð tölvudeildar.
- Starfsmenn tölvudeildar fylgist vel með þróun og nýjungum og miðli áfram innan sviðsins.

2. Almenn gögn um starfsemi ÍTR nýtist sem aðgengilegur upplýsingabrunnur.


Leiðir:

- Gögn séu vistuð á skipulegan hátt þannig að aðgengi sé tryggt.
- Á starfsstöðum ÍTR séu leiðbeiningar um skráningu upplýsinga til að draga úr líkum á að þekking glatist.
- Heimasiður ÍTR séu notendavænar og uppfærðar reglulega.

3. Að öryggi gagna sé tryggt með tilliti til varðveislu þeirra og aðgengis að þeim.

Leiðir:

- Aðgangsstýringar séu notaðar.
- Afritun gagna sé tryggð.
- Öryggisstöðlum sé fylgt.
- Jafnvægi sé á milli öryggis og kostnaðar.



10.8 Verklag og skipulag

Til að ÍTR geti sem best sinnt hlutverki sínu er mikilvægt að starfsfólk sinni af kostgæfni þeim verkefnum sem þeim hafa verið falin. ÍTR leggur áherslu á skilvirk vinnubrögð þar sem tilgangur og hlutverk eru skýr.

Meginmarkmið:

1. Að ÍTR hafi skýra ramma um starfsemina án þess að þeir séu takmarkandi og leitist þannig við að vera sveigjanleg og lausnamiðuð stofnun.

Leiðir:

- Tilgangur og hlutverk ÍTR séu skýr.
- Nýjum verkefnum sé tekið með áhuga og jákvæðni.
- ÍTR búi að þekkingu og reynslu sem geri sviðinu kleift að takast á við fjölbreytt og ólík verkefni.
- Starfsmenn ÍTR hafi vettvang fyrir umræður, skoðanaskipti og hugmyndapróun.

2. Að þjónusta ÍTR sé skilvirk.

Leiðir:

- Verklýsingar séu fyrir öll störf og verk svið starfsmanna skýrt afmörkuð.
- Vald- og ábyrgðarsvið séu skýr.
- Verkfærlar séu skýrir og starfsreglur þar sem það á við.
- Gæða- og árangursmat sé notað á markvissan hátt.
- Ákvarðanatataka byggji á yfirsýn og þekkingu um möguleika á vettvangi starfseminnar.
- Boðleiðir innan ÍTR séu ljósar og upplýsingastreymi milli starfsmanna virkt.
- Tölvupóstur sé nýttur með markvissum hætti.
- Starfsmannafundir og starfsmannasamtöl séu nýtt með markvissum hætti.

3. Að meðal starfsmanna ÍTR ríki samstaða og samvinna.

Leiðir:

- Allir starfsmenn séu vel upplýstir um tilgang sviðsins og um þau gildi sem ÍTR hefur að leiðarljósi.
- Starfsfólk upplifi að starf þeirra sé mikilvægt og að það sé hluti af heild þar sem allir vinna að sama marki.
- Skoðuð verði sú hugmynd að allir starfsstaðir ÍTR vinni sameiginlega að einu ákveðnu viðfangsefni ár hvert. Viðfangsefnið yrði valið með tilliti til samfélagsstrauma. Þannig væri t.d. hægt að setja fjölskylduna í brennidepil eða heilsu barna og ungmenna.

